Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

Febrúar 1995

Laxá í Hvammsveit 1994

Inngangur

Farin var rannsóknarferð í Laxá 12. maí. Með í för voru nokkrir félagar úr Laxmönnum. Tilgangurinn var að athuga hvað helst mætti gera til þess að lagfæra veiðiaðstöðu. Skoða þurfti laxastigann, hvort rétt væri að laga hann og eins var athugað hvar helst mætti útbúa veiðistaði. Þá var leitað að seiðum á vissum köflum árinnar.
Seiðarannsóknir fóru fram 2. og 3. september. Veitt var bæði á fiskgengum og ófiskgengum svæðum. Vegna þess hve lítið fannst af seiðum var eiungis fá drepin til aldursgreininga.

Niðurstöður

Rannsóknarferð 12. maí

Rafveitt var í Sælingsdalsá frá laxastiga og 200 m niður frá honum. Engin seiði fundust á þessu svæði. Fyrir stóru flóðin vorið 1993 hafði alltaf verið mjög mikið af seiðum á þessum kafla. Veitt var fyrir ofan brúna við Laugar og þar fundust stór seiði sem voru orðin nokkuð silfruð og áttu skammt eftir í niðurgöngu. Það er óvenju snemmt, enda hafði veðurfar verið gott um skeið. Nokkur minni seiði fundust einnig, öll í góðum holdum.
Eining varð um að gera þröskuld (Vasshaug þröskuld, sams konar og er í Laxá í Dölum) nokkru neðan við Geirmundarfoss. Við það myndi vinnast margt:

Veiðistaður myndaðist neðan við þröskuldinn.

Hækka myndi í hylnum neðan við fossinn, nokkuð sem myndi auðvelda fiski uppgöngu.

Breiðan sem myndaðist ofan við þröskuldinn myndi sennilega verða legustaður fyrir fisk.

Hylurinn við klettinn kæmist aftur í gagnið vegna þess að hann yrði grafinn úr og efnið notað í þröskuldinn.

Efnið í þröskuldinn yrði tekið tekið með sprengingum úr hlíðinni vestan megin við hann. Ýmsar hugmyndir um hvernig koma mætti fiski upppfyrir Greirmund voru íhugaðar. M.a.var stungið upp á því að stýra vatninu ofan fossins að vesturbakkanum með sandpokum og sprengja hvíldarholu fyrir fisk þeim megin.
Leitað var samninga við verktaka í Búðardal um framkvæmd verksins en ekki náðist saman. Líklegt er að þetta verkefni bíði betri tíma.
Laxastiginn var skoðaður og mönnum bar saman um að ekki væri ráðlegt að endurbæta hann að sinni. Frekar skyldi lögð áhersla á framkvæmdir neðan við Geirmund.
Leiðangursmenn mættu á fund sem haldinn var í veiðihúsi Laxdæla í Þrándargili. Efni fundarins var starfssemi Silfurlax í Hraunsfirði, hugsanleg áhrif hennar á fiskgengd í Dölum og hvað gera mætti til þess að draga úr þeim. Það var fyrir tilviljun að það fréttist af þessum fundi, hann var ekki betur boðaður en það. Nokkrir leiðangursmanna tóku til máls og gerðu tillögur um hvernig staðið skyldi að rannsóknum svo fá mætti vitneskju um hvort dalafiskur væri stöðvaður í Hraunsfirði og hvernig haga mætti slátrun þannig að sem minnstur skaði hlytist af. Stungið var upp á að Silfurlax myndi hlíta sömu ákvæðum um hvenær þeir mættu byrja að

veiða og laxveiðiárnar á svæðinu. Það leiddi til þess að Silfurlax frestaði laxveiðum vorið 1994 miðað við það sem þeir höfðu verið vanir.

Seiðarannsóknir í september

Svínadalsá

Veitt var um 200 m neðan við Geirmundarfoss. Mikið fannst af seiðum úr klaki vorsins (0+). Þau voru 4.0 sm að lengd. Nokkur stærri seiði fundust, þau voru eins árs, meðallengd 11 sm. Vöxtur stóru seiðanna hefur verið mjög góður og þau fara út vorið 1995. Ekki var unnt að sjá hvort hér væri um náttúruleg seiði að ræða eða hvort þau væru úr sleppingum ofan við fossinn. Á ófiskgenga hlutanum var veiddur 100 m kafli neðan við brúna. Þarna fundust tiltölulega fá seiði, þrjú voru drepin til aldursgreininga og voru þau öll úr sleppingum sumarsins. Meðallengdin var 8.5 sm. Hugsanlega fer einhver hluti þessarra seiða út vorið 1995.

Sælingsdalsá

Veiddur var 100 m langur kafli neðan við laxastiga. Engin laxaseiði fundust á þessum stað, aðeins 2 sumargömul urriðaseiði.
Á ófiskgenga hlutanum var veiddur um 100 m kafli ofan við brúna heim að Laugum. Þar fengust þrjú stór seiði sem greinilega voru úr eldisstöð og eitt seiði úr smáseiðasleppingu.
Á annari stöð í miðjum dal fengust 3 sleppiseiði.
Greinilega minna var af stórum seiðum en þegar veitt var í maí, þau voru öll farin út. Ástand seiðanna sem fundust var með ágætum og greinilegt að þau hafa vaxið vel. Hins vegar fannst lítið af þeim svo ætla má að litlu magni hafi verið sleppt á svæðið.

Árnar sameinaðar

Veitt var ofan við brúna rétt neðan við þar sem árnar sameinast. Þar fannst mikið af vorgömlum seiðum og örfá úr klakinu árið náður.

Veiðin 1994

Alls veiddust 27 laxar, 14 höfðu dvalið eitt ár í sjó og 13 tvö ár. Hlutfallið smálax :stórlax var því 1:1. Í fyrra var hlutfallið 2:1. Hlutfall smálax í afla er því lægra en í fyrra, nokkuð sem ekki kemur á óvart eftir þau miklu flóð sem urðu í maí 1993. Á sama hátt má því búast við að lítið verði um stórlax í aflanum 1995.

Samantekt

Náttúruklak virðist hafa heppnast á fiskgenga hlutanum, nema í Sælingsdalsá neðan við laxastigann. Þetta kemur þó ekki endanlega í ljós fyrr en að loknum athugunum í maí-júní 1995.
Vöxtur seiða er alls staðar góður, seiðin af ófiskgenga hlutanum fara út tveggja vetra og sum sennilega eftir einn vetur. Þetta þýðir að unnt er að sleppa meiru af seiðum á þessi svæði. Rétt væri að tvöfalda sleppingar miðað við fyrri ár ef seiðin eru til.